

EFTIRLITSSKÝRSLA

Skeljungur Hvalfirði



Dags eftirlits	20.11.2013	Fulltrúi UST	Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	Skeljungur	Fulltrúi UST	
Heimili	Borgartún 26	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5902691749	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Steinar Guðnason	ÍSAT nr.	51.510
Fulltrúi fyrirtækis	Ástmar Kári Ástmarsson	Staðsetning	381063,917 435432,324

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik fundust við eftirlit. Engar athugasemdir eru gerðar við olíubirgðarstöðina.

UMFANG EFTIRLITS

Við komuna í olíubirgðastöðina í Hvalfirði var sest yfir mánaðarblöð í rekstrarhandbók, farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Skrá skal viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnabúnaði, magn og gerð móttækinnar úrgangsolíu, magn og gerð spilliefna og einnig skal skrá mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim. Skráningar eru í góðu lagi.

Niðurstöður prófunar á olíuleifum í frárennsli stöðvarinnar hafa borist og prófað var með Macherey-Nagel olíuprófi. Olía greindist ekki í frárennslinu.

Geyrnarnir voru botnþykktarmældir árið 2008 og lagnir voru þrýstiprófaðar sama ár. Unnið er að endurmælingum á lögnum stöðvarinnar og þrýstiprófað fyrir áramót. Niðurstöður skulu berast stofnuninni að mælingum loknum.

Stærstur hluti katóðukerfis stöðvarinnar (tæringarvarnir) er virkur. Unnið er að uppfærslu á kerfinu og endurnýja þarf einhver fórnarskaut. Stefnt er á að ljúka verkinu vorið 2014.

Stöðin er tengd við gufueðurnýtingarkerfi Litla-Sandsstöðvarinnar. Framleiðandi kerfisins kom í sumar í árlega viðhalds- og skoðunarferð með tækinu og er það að virka eins og til er ætlast. Aukinn titringur vegna dæla er þó að greinast en framleiðandi ráðleggur að steypa tækið betur niður á undirstöðurnar.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru til staðar.

Farið var í skoðun á olíubirgðastöðinni. Flest er neðanjarðar og sést því ekki við skoðun. Farið var upp á geymana og eru allir merktir eins og tilskilið er. Olíuskynjarar eru í frárennsli geyma og þróar og eru þeir tengdir raflokum sem loka frárennsli frá stöðinni ef olía skynjast í vatninu. Skynjarar og lokar hafa verið prófaðir og virka eins og til er ætlast.

Girðingar og hlið voru í ágætu lagi.

ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir eru gerðar við olíubirgðarstöðina.

ANNAÐ

Niðurstöður þrýstiprófana á lögnum stöðvarinnar skulu berast Umhverfisstofnun á árinu.

Reykjavík, 06.12.2013

Gottskálf Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.